



Reykjavík 5. september 2018

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) hafa kynnt sér drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og fagna því að verið er að setja laggirnar stofnun sem halda mun utanum málefni friðlýstra svæða og þjóðgarða auk þess að vinna að náttúrvernd á svæðum um land allt. Stjórnsýsla þessa málaflokks er í dag mjög dreifð og ekki samræmd og því talsvert tækifæri til úrbóta í málaflokknum. Samtökin líta einnig svo á að tækifæri sé til að sameina fleiri stofnanir sem einnig sinna málefnum náttúrunnar innan þessarar nýju stofnunar og má þar nefna Landgræðsluna ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Stefnumótunar og samræmingarhlutverk boðaðrar Þjóðgarðastofnunar er afar mikilvægt og benda samtökin einnig á mikilvægi þess að þjóðgarðarnir, umdæmisáð og svæðisráð fái samræmda og skýra stefnu til að vinna eftir. Á þetta ekki hvað síst við atvinnustefnu, aðgangsstýringar, leyfisveitingar og gjaldtökumál. Skýrar og samræmdar aðgerðir þurfa að koma til svo markmiðum með stofnuninni verði náð. Stefnumótun og stjórnsýsla umræddrar Þjóðgarðastofnunar þarf að vera byggð á breiðum grundvelli með aðkomu allra hagaðila. Mikilvægi ferðaþjónustu fyrir íslenska þjóðarbúið og efling samfélagsins er ekki síst grunnur þess að þörf er á markvissri stjórnsýslu í málefnum náttúrusvæða. Því telja samtökin að stjórn og/eða samráðsvettvangur þar sem ráðuneyti ferðamála, Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök sveitafélag eiga aðkomu að miðlægri ákvarðanatöku, sé nauðsyn.

Samtökin fara fram á að í boðuðu frumvarpi verði skýrt að Samtök ferðaþjónustunnar tilnefni fulltrúa í allar stjórnir og ráð sem skipaðar verða. Benda samtökin á að í frumvarpinu er víða vísað til ferðamálasamtaka sem er mjög óljóst hugtak og ekki í takt við þá þróun sem orðið hefur í málefnum ferðaþjónustu síðustu ár. Í því samhengi benda samtökin á að það hugtak er ekki lengur notað í lögum um Ferðamálastofu nr. 96/2018 sem koma í stað laga um skipan ferðamála 73/2005.

Varðandi þá nýng að skipta landinu í umdæmi og skipan umdæmisráða telja Samtökin það fyrirkomulag geta orðið til góðs. Æskilegt væri að svæðisráðin eins og þau eru í Vatnajökulsþjóðgarði nú, gætu fallið saman við umdæmisráð á þeim svæðum þar sem það á við.

Hvað varðar ákvæði 6 gr. tillögunnar um þjóðgarðinn á Þingvöllum telja samtökin mikilvægt að sjálfur þjóðgarðurinn falli undir sama stjórnskipulag og aðrir þjóðgarðar þó skilningur sé fyrir að sjálf Þinghelgin njóti sérstakrar verndar og Þingvallanefnd sem skipuð er Alþingismönnum hafi þar afmarkað hlutverk.

Hvað 3. mgr. 27. gr. frumvarpsdraganna varðar gera SAF alvarlegar athugasemdir er snúa að lokamálslið þeirrar málsgreinar. Er í umræddri málsgrein vikið að heimildum framkvæmdavalds til að takmarka atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins, m.ö.o. er þar fjallað um heimild til að víkja til hliðar stjórnarskrárvörðum réttindum um að stunda atvinnu, sbr. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. SAF gjalda þess verulega varhug að í fyrirliggjandi drögum er ekki nánar kveðið um þau tilvik sem heimila framkvæmdavaldi slíkt inngríp sem hér um ræðir. Benda SAF á að almennt er viðurkennt að slíkt ótakmarkað frelsi framkvæmdavalds til inngríps í stjórnarskrárvarin réttindi standist ekki og því verði að gera þá kröfu að nánari fyrirmæli séu sett af löggjafanum hvað það varðar, s.s. með skilyrðum í lagatexta. Hafna SAF því alfarið að slík fyrirmæli sé að finna í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum og því verði að draga þá ályktun að verulega skorti á skýrleika þeirrar heimildar sem hér er lagt til að fela stjórnvöldum til að takmarka atvinnufrelsi og meina tiltekna starfsemi á tilteknum svæðum. Til þess þurfi skýrt lagaboð frá Alþingi þar sem nánar skuli kveðið á slíka takmörkun sem og í hvaða tilvikum slíkt er heimilt og samkvæmt hvaða skilyrðum slíkt skuli gert.“

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt
F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason